

Stefna listasafna

Framkvæmdin og framlag fulltrúa Gerðarsafns

Á haustmánuðum 2019 hófst vinna við mótun samræmdrar safnastefnu á sviði myndlistar og framtíðarsýnar fyrir viðurkennd listasöfn og listasöfn í eigu ríkisins. Verkefnið var unnið í samvinnu við fyrirtækið Sjá ehf.

Samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar er ætlað að styðja við starfsemi listasafna á Íslandi og stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn. Listasafn Íslands, sem höfuðsafn, ber ábyrgð á því að unnið sé að þessari sameiginlegu stefnu og fær hagsmunaaðila að borðinu.

Myndaður var stýrihópur sem hélt utan um verkefnið og mótaði ramma utan um það. Hópurinn skilgreindi markmið stefnunnar, setti saman verkáætlun og leiddi verkefnið. Stýrihópurinn skipuðu Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Dagný Heiðdal, varðveislu- og skráningarstjóri í Listasafni Íslands og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Stýrihópurinn hittist reglulega á vinnufundum en grunnur stefnunnar felst í ítarlegu samráði við helstu hagsmunaaðila. Haldnir voru rýnifundir með fulltrúum viðurkenndra listasafna og listasafna í ríkiseigu en fulltrúar Gerðarsafns, Hafnarborgar, Hönnunarsafns Íslands, Listasafns ASÍ, Listasafns Árnesinga, Listasafns Einarssonar, Listasafns HÍ, Listasafns Reykjanesbæjar, Listasafns Reykjavíkur, Listasafnsins á Akureyri og Nýlistasafnsins tóku þátt í rýnifundunum og Safnasafnið sendi gögn en tók ekki þátt í fundum.

Eins var farið í viðamikla netkönnun meðal ýmissa hagsmunahópa og leitað eftir þeirra innleggi í vinnuna. Netkönnunin var send til ýmissa félaga sem tengjast listasöfnum og myndlist (s.s. ICOM, FÍSOS, Listfræðafélagi Íslands, SÍM, Félagi íslenskra myndmentakennara) og voru fulltrúar félaganna beðnir um að áframsenda til sinna félagsmanna. Könnunin var send til kennara og nemenda í safnafræði og listfræði, hún var einnig send til fulltrúa í safnaráði og einstaklinga sem starfa við menningarstjórnsýslu hér á landi. Að auki var könnunin send til hópa í ferðaþjónustu, Félags leiðsögumanna og kennara í leiðsögunámi.

Enn fremur var horft til innri vinnu og gagna, lagasetninga sem og sambærilegra stefna hjá öðrum menningarstofnunum, innlendum sem erlendum. Í kjölfarið fór fram úrvinnsla og greining á því sem fram kom og er samræmd safnastefna á sviði myndlistar niðurstaða þessarar vinnu. Eiga allir sem að henni komu þakkir skildar fyrir sitt framlag. Stefnan var að lokum send safnstjórum listasafna til umsagnar og gerðu þeir ýmsar góðar athugasemdir. Allar athugasemdir voru teknar til skoðunar og rötuðu margar þeirra í einhverri mynd inn í stefnuna.

Framlag fulltrúa Gerðarsafns, Jónu Hlífur Halldórsdóttur, var seta í rýnihóp þar sem var vinnustofa við mótun stefnunnar. Hún fékk einnig í hendur könnun með innlegg um gerð stefnunnar og hafði milligöngu um svörun annarra tengdra aðila. Einnig sendu aðilar frá Gerðarsafni dæmi um fyrirmyndarverkefni safnsins sem mætti hafa á síðu stefnunnar bæði í fræðslu, skráningu og sýningarhaldi.

Markmið stefnunnar og áhrif á starf Gerðarsafns

Þetta er í fyrsta sinn sem samræmd safnastefna á sviði myndlistar er sett fram. Stefnunni er ætlað að veita listasöfnum stuðning og vera verkfæri í þeirra starfi. Tilgangur og hlutverk stefnunnar er að skerpa á sameiginlegri sýn listasafna þannig að stjórnendur þeirra stefni allir í sömu átt. Safnastefna á sviði myndlistar skapar jafnframt grundvöll til meira samstarfs, en í því felst mikill styrkur fyrir listasöfnin og verkefni þeirra. Með því að horfa til samræmdrar safnastefnu á sviði myndlistar geta einstök listasöfn sett sér skýrari stefnu í eigin starfi, sérstaða hvers listasafns verður augljósari og verkaskipting getur orðið skýrari.

Stefnan felur í sér sjö markmið sem tvíanna saman innra og ytra starf listasafna: Faglegt starf; samfélagslegt hlutverk; menntunarhlutverk; sýnileika, kynningu og miðlun; þróun; rannsóknir; sérstöðu og samstarf. Stefnan er stuðningur við listrænt starf í Gerðarsafni og styður við listræna stefnu þess. Gerðarsafns hefur það að marki að vera framsækið samtímalistasafn þar sem er kappkostað við að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign.

Stefna listasafna tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og menningarstefnu stjórnvalda þar sem horft er til fjögurra meginþátta: sköpun og þátttaka í menningarlífinu, gott aðgengi að listum og menningararfi, samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu sem starfa á sviði menningar, þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.